

Borgum v/Norðurslóð, 600 Akureyri

Sími 460-8900 Fax 460-8919

Netfang: rha@unak.is

Veffang: <http://www.rha.is>



Skíðaferðir til Akureyrar

Desember 2006

Unnið fyrir:
**Ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings
Eyjafjarðar**

GUÐMUNDUR ODDSSON
HJÖRDÍS SIGURSTEINSDÓTTIR

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| FORMÁLI | 1 |
| 1. UM VERKEFNIÐ | 2 |
| 1.1 VERKEFNISLÝSING..... | 2 |
| 1.2 MARKMIÐ VERKEFNISINS..... | 2 |
| 1.3 FORSENDUR OG AFMÖRKUN..... | 2 |
| 1.4 GÖGN OG AÐFERÐIR..... | 3 |
| 2. EYJAFJÖRÐUR: SAMFÉLAGSLÝSING | 4 |
| 2.1 LÝÐFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR..... | 4 |
| 2.2 GISTING OG AFÞREYING..... | 6 |
| 2.3 SAMGÖNGUR..... | 10 |
| 2.4 VEÐURFAR..... | 12 |
| 3. SKÍÐASVÆÐIN Á NORÐURLANDI | 14 |
| 3.1 HLÍÐARFJALL..... | 14 |
| 3.2 ÖNNUR SKÍÐA- OG ÚTIVISTARSVÆÐI Á NORÐURLANDI..... | 16 |
| 4. VINSÆLIR SKÍÐASTAÐIR Á NORÐURLÖNDUM | 19 |
| 4.1 TRYSIL..... | 19 |
| 4.2 HEMSEDAL..... | 20 |
| 4.3 HAFJELL..... | 21 |
| 4.4 SÄLEN..... | 22 |
| 4.5 ÅRE..... | 24 |
| 4.6 VALLÄSEN..... | 25 |
| 5. SAMANBURÐUR SKÍÐASVÆÐA | 27 |
| 6. MARKHÓPAR Á STÓR-KAUPMANNAHAFNARSVÆÐINU | 29 |
| 6.1 FERÐAVENJUR DANSKRA SKÍÐAMANNA..... | 29 |
| 6.2 MÖGULEGIR MARKHÓPAR..... | 30 |
| 7. NIÐURSTÖÐUR ÚR RÝNIHÓPAVINNU | 34 |
| 7.1 STYRKLEIKAR OG VEIKLEIKAR AKUREYRAR OG NÁGRENNIS..... | 34 |
| 7.2 HELSTU MARKHÓPAR..... | 37 |
| 8. ÁLYKTANIR OG NÆSTU SKREF | 41 |
| 9. LOKAORÐ | 43 |
| HEIMILDARSKRÁ | 44 |
| VIÐAUKI I HÓPAVINNA | 46 |
| VIÐAUKI II UPPLÝSINGAR AF SKÍÐASVÆÐUM | 48 |
| VIÐAUKI III WINTER BASED TOURISM | 60 |
| VIÐAUKI III SAMANTEKTARSKÝRSLA RADARSTATION | 67 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| Mynd 1. Þróun mannfjölda á Akureyri og í Eyjafirði 1991-2005 | 4 |
| Mynd 2. Hlutfallsleg aldursskipting 1. des. 1995..... | 5 |
| Mynd 3. Hlutfallsleg aldursskipting 1. des. 2005..... | 5 |
| Mynd 4. Upplýsingar um helstu þéttbýlisstaði á Norðurlandi eystra. | 7 |
| Mynd 5. Gisti- og afþreyingarmöguleikar í Eyjafirði og Aðaldal. | 8 |
| Mynd 6. Skýringamynd vegna gisti- og afþreyingarmöguleika í Eyjafirði og Aðaldal. | 8 |
| Mynd 7. Gisti- og afþreyingarmöguleikar á Norð-Austurlandi. | 9 |
| Mynd 8. Skýringamynd vegna gisti- og afþreyingarmöguleika á Norð- Austurlandi. | 9 |
| Mynd 9. Áfangastaðir með áætlunarflugi frá Akureyri. | 12 |
| Mynd 10. Skíðasvæðin á Norðurlandi..... | 14 |

Töfluskrá

| | |
|--|----|
| Tafla 1. Samgöngumöguleikar til helstu staða á landinu..... | 10 |
| Tafla 2. Áfangastaðir og ferðatíðni almenningssamgangna að vetri til. | 11 |
| Tafla 3. Ferðatíðni áfangastaða með áætlunarflugi frá Akureyri..... | 12 |
| Tafla 4. Veðurfar 2004-2005 | 13 |
| Tafla 5. Veðurfar 2003-2004 | 13 |
| Tafla 6. Veðurfar 2002-2003 | 13 |
| Tafla 7. Staðreyndir um Hlíðarfjall..... | 15 |
| Tafla 8. Staðreyndir um Trysil | 20 |
| Tafla 9. Staðreyndir um Hemsedal | 21 |
| Tafla 10. Staðreyndir um Hafjell | 22 |
| Tafla 11. Staðreyndir um skíðasvæðið:..... | 24 |
| Tafla 12. Staðreyndir um Áre | 25 |
| Tafla 13. Staðreyndir um Vallåsen..... | 26 |
| Tafla 14. Samanburður á skíðasvæðunum..... | 28 |
| Tafla 15. Samanburður verðlags á skíðasvæðunum..... | 28 |

Formáli

Þessi skýrsla geymir afrakstur vinnu starfsmanna Rannsókn- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri sem fram fór í tengslum við þróunarverkefnið, Skíðaferðir til Akureyrar. Vinna þessi fór fram að beiðni Ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar.

Hér á eftir verður greint frá bakgrunni og afmörkun verkefnisins sem og þeirri upplýsingaöflun sem átti sér stað við gerð verkefnisins. Ennfremur geymir skýrslan lýsingu á helstu einkennum Eyjafjarðarsvæðisins, helstu skíðasvæðum á Norðurlandi og nokkrum af vinsælustu skíðasvæðum Dana á Norðurlöndunum og talin eru helstu samkeppnissvæðin. Í skýrslunni er einnig að finna afrakstur rýnihópavinnu meðal lykilaðila í skíðaferðaþjónustu í Danmörku. Markhópum skíðaferða til Akureyrar eru einnig gerð skil.

Fjöldmargir aðilar liðsinntu skýrsluhöfundum við gerð þessarar skýrslu og í þeirri greiningarvinnu sem skýrslan byggir á. Sérstakar þakkir fær Bergþóra Aradóttir, klasastjóri ferðaþjónustuklasa Vaxtarsamnings Eyjafjarðar, sem veitti höfundum dygga aðstoð við verkefnavinnuna.

*Guðmundur Ævar Oddsson
Rannsókn- og þróunarmiðstöð
Háskólans á Akureyri*

*Hjördís Sigursteinsdóttir
Rannsókn- og þróunarmiðstöð*

Háskólans á Akureyri

1. Um verkefnið

Hér á eftir verður gefin nánari lýsing á verkefninu ásamt markmiði, forsendum og afmörkun.

1.1 Verkefnislýsing

Verkefnið felst í því að gera forkönnun á því hversu hagkvæmt það er að bjóða einstaklingum og hópum á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu upp á skíðaferðir til Akureyrar, með tilkomu beins flugs milli Akureyrar og Kaupmannahafnar.

1.2 Markmið verkefnisins

Meginmarkmið verkefnisins er í fjórum þáttum:

- Í fyrsta lagi að safna hagnýtum upplýsingum um Akureyri og nágrenni, sérstaklega upplýsingum er lúta að skíðasvæðinu í Hlíðarfjalli og tengdum þáttum. Upplýsingarnar eru aðallega ætlaðar ferðapjónustuaðilum eða öðrum áhugasömum til að þróa og markaðssetja skíðaferðir til Akureyrar á erlendum vettvangi.
- Í öðru lagi að bera Akureyri saman við helstu samkeppnissvæði á Norðurlöndunum í þessu samhengi.
- Í þriðja lagið að skoða hvaða gögn eru til um ferðavenjur einstaklinga og hópa á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu þegar kemur að skíðaferðum.
- Í fjórða lagið að standa fyrir rýnihópavinnu meðal lykilaðila í skíðaferðapjónustu í Danmörku.

1.3 Forsendur og afmörkun

- Viðskiptahugmyndin sem lögð er til grundvallar eru skíðaferðir einstaklinga og hópa frá Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu til Akureyrar.

- Rannsóknarsvæðið er Akureyri (Hlíðarfjall) og nágrenni, þ.e. Dalvík, Ólafsfjörður, Siglufjörður, Grenivík og Sauðárkrókur.

1.4 Gögn og aðferðir

Í þessari athugun eru notaðar þrjár megináðferðir við gagna- og upplýsingaöflun.

- Í fyrsta lagi er um að ræða upplýsingaöflun á netinu,
- Í öðru lagi með viðtölum við ýmsa aðila innan ferðaþjónustunnar hérlendis og í Danmörku.
- Í þriðja lagi með rýnihópavinnu meðal danskra skíðasérfræðinga.

Upplýsingaöflunin á netinu var einkum af heimasíðum sveitarfélaga svæðisins, skíðasvæðanna sem til skoðunar voru, ferðaþjónustuaðila svæðisins og Hagstofu Íslands. Við umreikning á verðskrár skíðasvæða var notaður gengisbreytir frá Sparisjóði Norðurlands (19. apríl 2006).

Formleg viðtöl voru tekin við fjóra lykilaðili skíðaferðaþjónustunnar í Danmörku. Sjá nafnalista í viðauka. Auk þess voru tekin óformleg viðtöl við ýmsa aðila innan ferðaþjónustunnar hérlendis.


Haldnir voru tveir fundir með rýnihópum. Sá fyrri var meðal lykilaðila í ferðaþjónstu hér á svæðinu þar sem megináherslan var á vetrartengda ferðaþjónustu. Sá seinni var meðal lykilaðila í skíðaferðaþjónustu í Danmörku og var það danskt ráðgjafafyrirtæki, Radarstation, sem skipulagði og stjórnaði honum. Megináhersla þess fundar var að skoða hvort grundvöllur væri fyrir því að Danir komi til Akureyrar til að stunda vetrarferðamennsku. Sjá nafnalista í viðauka. Upplýsingabæklingar og gögn varðandi vetrarferðamennsku á Norðurlandi voru send fundarmönnum mánuði fyrir fund til undirbúnings.

2. Eyjafjörður: Samfélagslýsing

Í þessum kafla er helstu samfélagsþáttum í Eyjafirði lýst. Í samfélagslýsingunni er gerð stuttlega grein fyrir helstu lýðfræðilegum upplýsingum, s.s. íbúafjölda, aldursskiptingu íbúa, afþreyingarmöguleikum, samgöngum og veðurfari.


2.1 Lýðfræðilegar upplýsingar

Á Eyjafjarðarsvæðinu búa nú tæp 22 þúsund manns, þar af um tæplega 17 þúsund á Akureyri sem er langstærsti þéttbýlisstaðurinn fyrir utan höfuðborgarsvæðið. Á Íslandi hafa síðustu áratugir einkennst af fólksflótta af landsbyggðinni og til höfuðborgarsvæðisins. Eyjafjarðarsvæðið hefur ekki farið varhluta af þeirri þróun en hefur þó komið betur út en önnur svæði á landsbyggðinni. Nokkur vöxtur hefur verið á svæðinu undanfarin ár og hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt síðustu sex árin. Á síðustu 15 árum hefur íbúum Eyjafjarðarsvæðisins fjölgað um 7,5% sem er nær helmingi minna en á landsvísu en Íslendingum hefur fjölgað um rúm 15% á þessu tímabili. Akureyringum fjölgar þó svipað og á landsvísu á þessu sama tímabili eða um tæp 14% en það hefur hins vegar orðið nokkur fækkun í öðrum sveitarfélögum í Eyjafirði, eða sem nemur 8,7%.




Mynd 1. Þróun mannfjölda á Akureyri og í Eyjafirði 1991-2005

Algengasta þróunin á landsvísi hefur verið sú að fólk í yngri aldurshópunum, þ.e. á bilinu 20-40 ára, flytjist frekar búferlum og síðan snýr hluti þeirra aftur til heimahaganna. Helsta ástæða flutningsins er ásókn eftir frekari menntun og atvinnutækifærum en fólk á þessum aldri hefur kost á í heimabyggð. Á síðustu tíu árum hefur sú breyting orðið á að barnafjölskyldum hefur fjölgað verulega í Eyjafirði eins og sjá má á þessum myndum hér fyrir aftan. Jafnframt hefur orðið sú breyting að mun hærra hlutfall einstaklinga á aldrinum 20-40 ára hafa flutt í burtu af svæðinu á þessu tíu ára tímabili.



Mynd 2. Hlutfallsleg aldursskipting 1. des. 1995.



Mynd 3. Hlutfallsleg aldursskipting 1. des. 2005.

Atvinnulíf í Eyjafirði hefur breyst verulega á síðustu áratugum. Í upphafi 20. aldar höfðu langflestir lífsviðurværi sitt af landbúnaði enda flestir sem höfðu búsetu í dreifbýli. Akureyri var langstærsti þéttbýlisstaðurinn en auk þess höfðu myndast þéttbýliskjarnar á Dalvík og á Hjalteyri. Þegar leið á öldina mynduðust fleiri þéttbýlisstaðir í firðinum og fleira fólk fluttist á mölina. Við það breyttust atvinnuhættir verulega og fleiri störf mynduðust við þjónustu og iðnað. Útgerð hefur þó alltaf spilað stóran þátt í atvinnulífi Eyfirðinga og gerir enn enda er Akureyri í hópi stærstu útgerðarbæja Íslands. Í dag eru flest störf tengd opinberri þjónustu en störf tengd sjávarútvegi sem og iðnaði eru enn nokkuð mörg. Jafnframt hafa störf í ferðaþjónustu aukist nokkuð á síðari árum. Menntunarstig íbúanna hefur aukist verulega, sérstaklega með tilkomu Háskólans á Akureyri og aukinni áherslu á hátæknistörf. Í dag eru t.d. menntastofnanir og heilbrigðisstofnanir í Eyjafirði allar mannaðar fólki með viðeigandi starfsréttindi.

Atvinnuleysi er með lægra móti í Eyjafirði miðað við á landsvísu þó sérstaklega á Akureyri og í dreifbýlis-sveitarfélögum þar í kring. Útgerðarbæirnir út með firði hafa þó átt við eitthvert atvinnuleysi að stríða síðustu ár vegna samdráttar í sjávarútvegi.

Meðaltekjur Eyfirðinga hafa hækkað síðustu áratugi sem stafar aðallega af breyttri atvinnusamsetningu eins og áður hefur verið komið inná. Fjöldi nýrra starfa sem skapast hefur síðustu ár hafa gefið af sér mun hærri tekjur en þau störf sem tapast hafa. Þó eru meðaltekjur Eyfirðinga nokkuð lægri en meðaltekjur einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu. Almennt má þó segja að efnahagur íbúa Eyjafjarðar sé nokkuð góður.


2.2 Gisting og afþreying

Á Norðurlandi er boðið upp á fjölbreytta möguleika bæði hvað varðar gistingu og mat. Einnig hefur Norðurland margt að bjóða þegar kemur að afþreyingu að vetrarlagi og má með sanni segja að þar sé að finna land vetrarævintýra. Mikil náttúrufegurð er á svæðinu og óteljandi möguleikar eru til

útivistar. Einnig er margt í boði fyrir þá sem vilja slaka á og njóta lífsins lystisemda.

Sem dæmi um það sem höfuðstaður Norðurlands, Akureyri, hefur upp á að bjóða má nefna að í bænum eru 15 veitingastaðir, tvö kvikmyndahús, tvær sundlaugar með heitum pottum, skíðasvæði með sex lyftum og gisti- og veitingaþjónustu, eitt atvinnuleikhús og nokkur söfn af hinu og þessu tagi. Í bænum eru nokkur útivistarsvæði sem áhugavert er að koma á. Umræddir afþreyingarmöguleikar í bland við fegurð bæjarins og veðurfar er ástæða þess að um 200.000 gestir heimsækja Akureyri árlega (langflestir yfir sumartímam). Hvað varðar gistimöguleika þá eru um 200 orlofsíbúðir á Akureyri og hótél og gististaðir hafa um 482 herbergi til ráðstöfunar og 1.021 rúm.

Á Eyjafjarðarsvæðinu í heild er þó mun meira framboð á gistingu því hótél og gistiheimili bjóða um 745 herbergi til leigu eða 1.841 rúm auk þess sem hægt er að leigja um 60 sumarbústaði í firðinum. Ýmsa afþreyingu er að finna víða í Eyjafirði og má þar nefna sundlaugar, söfn og útivistarsvæði.



Mynd 4. Upplýsingar um helstu þéttbýlisstaði á Norðurlandi eystra.

Skíðaferðir til Akureyrar



Mynd 7. Gisti- og afþreyingarmöguleikar á Norð-Austurlandi.

UPPLÝSINGAR Information

| | |
|----------------------------|--------------------------------|
| 1 Jarðböðin við Mývatn | 24 Kópasker |
| 2 Reykjahlíð | 25 Raufarhöfn |
| 3 Hótel Gigur | 26 Svalbarð |
| 4 Hótel Mývatn | 27 Ytra-Áland |
| 5 Skútustaðir II | 28 Þórshöfn |
| 6 Veiðiheimplið Hof | 29 Bakkafjörður |
| 7 Stöng | 30 Vopnafjörður |
| 8 Kiðagil gistiheimili | 31 Vatnsdalsgerði |
| 9 Narfastaðir | 32 Syðri-Vík |
| 10 Fosshöll | 33 Refsstaðir II |
| 11 Fosshótel Laugar | 34 Ketilsstaðir |
| 12 Staðarhóll | 35 Hótel Svartiskógur |
| 13 Rauðskriða | 36 Húsey |
| 14 Hafnalækur | 37 Borgarfjörður |
| 15 Þinghúsið Hraunbær | 38 Hamragerði |
| 16 Hagi I | 39 Hótel Edda Eiðum |
| 17 Heiðarbær | 40 Möðrudalur |
| 18 Húsavík | 41 Grímsstaðir |
| 19 Skúlagarður | 42 Grímsstunga |
| 20 Hóll í Kelduhverfi | 43 Vesturdalur Jökulsárgljúfur |
| 21 Ásbyrgi Verslun | |
| 22 Ásbyrgi Jökulsárgljúfur | |
| 23 Lundur | |

NORÐ-AUSTURLAND

Upplýsingar um ferð á vegum
Information on Road Condition

Simsvartími ferð og vebur
Automated Information on Road Condition

Simskrá
Telephone Directory

1777

1779

118

SKÝRINGAR Reference

ADALVEGIR Principal roads

ASIRIR VEGIR Secondary roads

VEGALENG DÍM Distance km

VEGSLÓÐIR VETTUNGLASTARAR

OPIMBER VEGUR Official road / track

SEINFARINN VEGUR Drivable track

ILLUFER VEGUR Rough track

YORLEIÐI

VEGSLÓÐIR Unofficial track

Mynd 8. Skýringamynd vegna gisti- og afþreyingarmöguleika á Norð- Austurlandi.

2.3 Samgöngur

Greið tenging er milli Akureyrar og annarra staða á landinu hvort sem er á láði eða legi. Ferðamenn í Eyjafirði hafa möguleika á að leigja sér bíl, taka leigubíl eða að nota áætlunarferðir hópferðabifreiða, ferja eða flugvéla til þess að komast á milli staða.

Tafla 1. Samgöngumöguleikar til helstu staða á landinu.

| Akureyri til: | KM | Flug-samgöngur | Langferðar-bíll - ferja |
|---------------|-----|----------------|-------------------------|
| Sauðárkrókur | 119 | Nei | Já |
| Reykjavík | 380 | Já | Já |
| Keflavík | 430 | Nei | Já |
| Mývatn | 99 | Nei | Já |
| Húsavík | 91 | Nei | Já |
| Egilsstaðir | 266 | Já | Já |
| Blönduós | 145 | Nei | Já |
| Siglufjörður | 123 | Nei | Nei |
| Dalvík | 44 | Nei | Já |
| Grenivík | 41 | Nei | Nei |
| Ólafsfjörður | 61 | Nei | Já |
| Varmahlíð | 90 | Nei | Já |
| Hrafnagil | 10 | Nei | Nei |
| Árskógssandur | 35 | Nei | Já |
| Hrísey | - | Nei | Já |
| Grímsey | - | Já | Já |

Bílaleigur:

Á Akureyri eru starfræktar a.m.k. 5 bílaleigur þar sem hægt er að fá leigðar flestar gerðir af bílum í ýmsum verðflokkum.

Leigubílar:

Á Akureyri er rekin ein leigubílastöð. Almennt séð eru leigubílar frekar dýrir á Íslandi og varla raunhæfur valkostur fyrir almenna ferðamenn að notast eingöngu við þjónustu þeirra.

Strætisvagnar:

Strætisvagnar Akureyrar annast almenningssamgöngur innan Akureyrar með akstri vagna í samræmi við tímasett leiðakerfi. Leiðakerfin eru 4 og er hver leið keyrð á klukkutíma fresti.

Hópferðarbílar:

Hópferðarmiðstöðin Trex ehf. annast allar almenningssamgöngur á Vestur- og Norðurlandi sem falla undir sérleyfi frá Samgönguráðuneytinu. Áætlunarferðir eru alla virka daga frá Reykjavík til Akureyrar og austur til Egilsstaða. Auk þess er SBA Norðurleið með áætlunarferðir daglega til Mývatnssveitar að vetrarlagi. Lágmarks farþegafjöldi í hverri ferð er þó tveir farþegar. Reglulegar áætlunarferðir með ferjum eru til Hríseyjar og Grímseyjar yfir vetrartímenn.

Tafla 2. Áfangastaðir og ferðatíðni almenningssamgangna að vetri til.


| Akureyri til: | Fjöldi ferða á dag | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Lau | Sun |
|---------------|--------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| Dalvík | 3 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Ólafsfjörður | 3 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | |
| Hrísey | 4 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Grímsey* | 1 | ✓ | | ✓ | | ✓ | | |
| Mývatn | 1 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Húsavík | 3** | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Varmahlíð | 1 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |
| Egilsstaðir | 1 | ✓ | | ✓ | | ✓ | | ✓ |
| Reykjavík | 1 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |
| Keflavík | 1 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | | ✓ |

*Rúta frá Akureyri til Dalvíkur og þaðan farið í ferju til Grímseyjar.

**mánud-föstud – bein tenging við flug til og frá Reykjavík um Akureyri

Flugsamgöngur:

Flugfélag Íslands annast reglulegt áætlunarflug milli Akureyrar og Reykjavíkur, alla daga vikunnar. Hægt er að fljúga frá Akureyri til Ísafjarðar og Egilsstaða í gegnum Reykjavík. Í Reykjavík er einnig hægt að taka tengiflug til fleiri áfangastaða á landinu. Flugfélag Íslands flýgur beint til Grímseyjar.



Mynd 9. Áfangastaðir með áætlunarflugi frá Akureyri.

Tafla 3. Ferðatíðni áfangastaða með áætlunarflugi frá Akureyri.

| Akureyri til: | Fjöldi ferða á dag | Mán | Þri | Mið | Fim | Fös | Lau | Sun |
|---------------|--------------------|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|
| Reykjavík | 5 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Ísafjörður | 1 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Egilsstaðir | 1 | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ | ✓ |
| Grímsey | 1 | | ✓ | | ✓ | | | ✓ |

2.4 Veðurfar

Á Íslandi er allra veðra von og er nánast hægt að ganga að því vísu að fá aldrei sama veðrið dag eftir dag. Hitastig vetrarmánaðanna (okt-maí) er mjög breytilegt eftir árum og sveiflast nokkuð mikið innan hvers mánaðar. Kaldast er þó í desember og janúar og þá má líka búast við meiri úrkomu og færri sólskinsstundum. Vindur er yfirleitt ekki mikill og breytist lítið milli vetrarmánaðanna.

Tafla 4. Veðurfar 2004-2005

| 2004-2005 | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Febr. | Mars | April | Maí |
|-----------------------|------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Meðalhiti | 3,3 | 0,0 | -1,5 | -0,6 | 0,8 | 2,5 | 2,9 | 4,4 |
| Hæsti hiti í mán. | 15 | 17,5 | 9,2 | 11,7 | 13,3 | 14,4 | 14,6 | 15,5 |
| Lægsti hiti í mán. | -8,9 | -15,0 | -16,2 | -11,9 | 11,0 | -11,0 | -9,5 | -4,5 |
| Meðalrakastig | 85,1 | 89,3 | 81,7 | 81,3 | 80,2 | 84,3 | 79,9 | 70,3 |
| Heildarúrkoma mán. | 87,8 | 62,0 | 39,8 | 58,2 | 11,1 | 20,6 | 28,1 | 6,5 |
| Fjöldi sólskinsstunda | 36,0 | 22,6 | 0,0 | 10,1 | 53,5 | 109,1 | 100,1 | 246,1 |
| Meðalvindhraði | 3,3 | 3,0 | 3,7 | 3,6 | 3,1 | 3,0 | 3,1 | 3,4 |

Tafla 5. Veðurfar 2003-2004


| 2003-2004 | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Febr. | Mars | April | Maí |
|-----------------------|------|------|-------|-------|-------|------|-------|-------|
| Meðalhiti | 3,6 | 0,5 | -1,3 | -2,4 | 0,5 | 3,9 | 4,6 | 6,2 |
| Hæsti hiti í mán. | 18,2 | 12,5 | 11,0 | 8,0 | 14,5 | 13,3 | 14,5 | 19,6 |
| Lægsti hiti í mán. | -6,2 | -8,5 | -14,4 | -12,8 | -14,2 | -5,1 | -4,0 | -2,5 |
| Meðalrakastig | 79,5 | 83,7 | 80,6 | 83,2 | 77,4 | 75,2 | 77,4 | 79,3 |
| Heildarúrkoma mán. | 33,1 | 81,0 | 92,6 | 102,8 | 19,7 | 31,9 | 18,6 | 30,7 |
| Fjöldi sólskinsstunda | 58,2 | 16,2 | 0,0 | 4,2 | 38,0 | 72,5 | 82,9 | 114,0 |
| Meðalvindhraði | 4,0 | 4,1 | 4,5 | 4,0 | 4,1 | 3,6 | 3,6 | 3,3 |

Tafla 6. Veðurfar 2002-2003

| 2002-2003 | Okt. | Nóv. | Des. | Jan. | Febr. | Mars | April | Maí |
|-----------------------|-------|-------|------|-------|-------|-------|-------|-------|
| Meðalhiti | 4,0 | 3,6 | 2,4 | -1,1 | 2,0 | 3,4 | 5,6 | 5,2 |
| Hæsti hiti í mán. | 17,6 | 9,7 | 13,2 | 8,8 | 11,3 | 14,5 | 18,4 | 14,1 |
| Lægsti hiti í mán. | -10,5 | -12,7 | -8,2 | -12,4 | -10,9 | -10,7 | -4,6 | -5,6 |
| Meðalrakastig | 84,4 | 79,4 | 75,7 | 79,8 | 73,0 | 71,5 | 72,4 | 75,4 |
| Heildarúrkoma mán. | 50,7 | 68,6 | 15,6 | 49,3 | 47,3 | 32,1 | 13,1 | 21,1 |
| Fjöldi sólskinsstunda | 43,9 | 11,3 | 0,3 | 1,8 | 32,8 | 102,2 | 88,9 | 214,5 |
| Meðalvindhraði | 4,7 | 3,9 | 4,1 | 4,0 | 5,5 | 5,6 | 5,1 | 4,4 |

3. Skíðasvæðin á Norðurlandi

Í þessum kafla er fjallað um skíðasvæðið í Hlíðarfjalla auk annarra skíðasvæða á Norðurlandi. Segja má að Norðurland sé land vetrarævintýra enda er þar að finna mjög fjölbreytta möguleika til vetrarafþreyingar og skemmtunar. Allir ættu að finna þar eitthvað við sitt hæfi hvort heldur sem er til skíðaiðkunar eða annarrar afþreyingar tengdri útivist í fállegri náttúru.



Mynd 10. Skíðasvæðin á Norðurlandi

3.1 Hlíðarfjall

Hlíðarfjall er skíðasvæðið ofan Akureyrar og er talið eitt besta, ef ekki besta, skíðasvæðið á Íslandi. Skíðasvæðið er í aðeins 5 mínútna akstursfjarlægð frá Akureyri. Vetraríþróttamiðstöð Íslands er starfrækt í Hlíðarfjalli.

Aðstæður til skíða- og snjóbrettaiðkunar í Hlíðarfjalli eru mjög góðar. Fjölbreyttar brekkur og brautir eru á skíðasvæðinu og allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, bæði byrjendur og lengra komnir. Heildarlengd á brekkum eru 15 km og fallhæðin er 474 metrar. Um 3 km af upplýstum göngu- skíðabrautum eru troðnar daglega og lengri leiðir um helgar.

Tekið hefur verið í notkun snjóframleiðslukerfi í Hlíðarfjalli til að tryggja eins góðar aðstæður þar og mögulegt er. Þetta þýðir jafnframt lengingu skíðatímabilsins þannig að nú er

hægt að stunda skíðamennsku í Hlíðarfjalli frá nóvember og fram í maí. Opnunartími skíðasvæðisins er breytilegur eftir árstíma. Við opnun í nóvember er opið frá 16-20 á virkum dögum og frá 10-17 um helgar. Um miðjan febrúar er opnunartíminn á virkum dögum lengdur og opnað er kl. 14. Upp úr miðjum mars lengist opnunartíminn enn frekar og opnar þá kl. 10 alla daga vikunnar. Verð á skíðapössum er mismunandi eftir dögum og lengd dvalar. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn á aldrinum 7-16 ára, kostar kr. 14.760 að skíða í þrjá og hálfan dag (fimmtudag-sunnudag).

Skíða- og snjóbrettaskóli er starfræktur á svæðinu en þar er boðið upp á bæði hópa- og einkakennslu. Jafnframt er boðið upp á einkakennslu fyrir fatlaða einstaklinga allan veturinn. Fyrir þrjá einstaklinga kostar kr. 9.000 að fara í þriggja klukkustunda langan einkatíma til að læra á skíði eða bretti. Í Hlíðarfjalli er starfrækt skíða- og brettaleiga þar sem hægt er að leigja allan búnað, þ.m.t. skíðagalla og hjálma. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 29.600 að leigja skíðabúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Þrjú skálar eru staðsettir á svæðinu þar sem boðið er upp á veitinga- og fundaaðstöðu ásamt skrifstofuaðstöðu. Einnig er möguleiki á gistingu á skíðahótel, bæði fyrir hópa og einstaklinga. Þar er einnig þráðlaust internetsamband.

Tafla 7. Staðreyndir um Hlíðarfjall

| | |
|-----------------------------|------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 6 |
| Flutningsgeta á klst. | 4440 manns |
| Fjöldi skíðabrekka | 24 |
| - Grænar | 0 |
| - Bláar | 7 |
| - Rauðar | 10 |
| - Svartar | 7 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 15 km |
| Lengsta skíðabrekkan | Tæpir 3 km |
| Fallhæð | 474 metrar |
| Lengd gönguskíðaleiða | 3 km |

3.2 Önnur skíða- og útivistarsvæði á Norðurlandi

Á Norðurlandi eru víða góð skíða- og útivistarsvæði og frábær aðstaða til vetraríþróttar. Má þar helst nefna Böggvisstaðafjall ofan Dalvíkur, Tindaöxl í Ólafsfirði, Skarðsdal í Siglufirði, Tindastól í Skagafirði, Kaldbak ofan Grenivíkur, Húsavíkurfjall og Mývatnssveit. Hér á eftir er fjallað stuttlega um hvert og eitt þessara svæða.

Böggvisstaðafjall:

Böggvisstaðafjall er ofan Dalvíkur og í um 43 km fjarlægð frá Akureyri. Þetta er mjög fjölskylduvænt skíðasvæði með tveimur lyftum og upplýstum skíðabrekkum. Önnur lyftan er 700 metra löng og hin 500 metra. Fallhæðin er 322 metrar. Góð aðstaða er fyrir brettafólk í fjallinu. Brautir eru ruddar fyrir gönguskíðafólk. Á staðnum er skíðaleiga og einnig er boðið upp á skíðakennslu um helgar. Neðst á svæðinu stendur skíðaskáli þar sem hægt er að borða nesti eða kaupa sér veitingar. Einnig er boðið upp á gistingu í skálanum, bæði í svefnpokaplássi og uppabúnu rúmi.

Tindaöxl:

Tindaöxl er skíðasvæði Ólafsfjarðar en þar í kring eru kjöraðstæður fyrir vetraríþróttir og góð svæði fyrir vél-sleðafólk. Til Ólafsfjarðar eru 61 km frá Akureyri. Skíðasvæðið er beint fyrir ofan bæinn. Ein skíðalyfta er á svæðinu en möguleiki er á að setja upp aðra litla toglyftu. Brekkur eru troðnar daglega en auk þess fá brettamenn stór ótroðin svæði. Gönguskíðabrautir eru lagðar um allan bæ. Skíðaskáli er á svæðinu þar sem aðstaða er fyrir veitingar en einnig er boðið uppá gistingu í svefnpokum.

Skarðsdalur:

Skarðsdalur er skíðasvæði Siglfirðinga. Til Siglufjarðar frá Akureyri eru 192 km í gengum Skagafjörð en 120 m ef farinn er vegurinn um Lágheiði. Á svæðinu eru þrjár skíðalyftur og afkastar efsta lyftan um 550 manns á klst. Sú lyfta nær upp í rúmlega 650 metra yfir sjávarmál. Skíðasvæðið í Skarðdal má tvímælalaust telja með bestu skíðasvæðum landsins og má þar finna einhverja bestu alhliða brekkur landsins. Á Siglufirði er góð aðstaða fyrir gönguskíðafólk og troðnar eru æfingabrautir daglega og lengri hringur fyrir almenning um helgar. Á svæðinu er nýr skíðaskáli þar sem aðstaða er bæði fyrir gesti og starfsfólk.

Tindastóll:

Tindastóll er skíðasvæði Sauðkrækinga. Svæðið er staðsett í vestanverðum Tindastól í dal sem heitir Ytridalur og er það í 15 km fjarlægð frá Sauðárkróki og 133 km frá Akureyri. Skíðasvæðið er talið sérstaklega gott fyrir alla fjölskylduna. Á svæðinu er ein skíðalyfta sem afkastar að hámarki um 900 manns á klukkustund. Það tekur rúmar 5 mínútur að komast með lyftunni upp á topp. Neðstu 300 metrarnir í aðalbrekkunni eru hentugir fyrir byrjendur en þar fyrir ofan er góður bratti. Auk þess eru góðar brautir fyrir gönguskíðafólk en troðinn er um 4-5 km hringur í fjölbreyttu landslagi og gott svæði er fyrir brettaiðkendur. Á svæðinu er skíðaskáli þar sem boðið er upp á kaffi, kakó og bakkelsi. Þar er einnig skíðaleiga með svigskíðum, gönguskíðum og brettum af ýmsum stærðum. Á skíðasvæðinu er vefmyndavél og veðurstöð sem beintengd er við heimasíðu svæðisins og hægt er að fylgjast með á vefslóðinni: www.tindastoll.is/skidi.

Kaldbakur:

Kaldbakur er fjall ofan Grenivíkur en Grenivík er í 46 km fjarlægð frá Akureyri. Á Kaldbakssvæðinu eru engar skíðalyftur enda ekki um að ræða hefðbundið skíðasvæði. Þetta svæði myndi frekar flokkast undir útivistarsvæði fyrir

ævintýraskíðamennsku enda er skíðafólk keyrt á snjótroðara upp á fjallið þaðan sem það skíðar frjálst niður um 6 km leið. Einnig er hægt að ganga niður eða bara fara aftur með snjótroðaranum niður. Hægt er að velja um margar mismunandi leiðir bæði upp og niður. Svæðið býður einnig upp á skemmtilegar leiðir fyrir fólk á snjósleðum.

Húsvíkurfjall:

Í Húsvíkurfjalli er skíðasvæði Húsvíkinga en Húsavík er í um 91 km fjarlægð frá Akureyri. Á svæðinu eru tvær lyftur. Önnur lyftan er í Skálamel í aðeins um 150 metra fjarlægð frá grunnskólanum á Húsavík. Hún er 314 metra löng, flytur 578 manns á klukkustund og er tilvalin fyrir börn og byrjendur. Hin lyftan er í svo kölluðum Stöllum og er hún 424 metra löng og flytur 375 manns á klukkustund. Það svæði er bratt og töluvert krefjandi og þykir gott skíða- og brettasvæði. Bæði svæðin eru að hluta til flóðlýst. Einnig eru ruddar brautir fyrir gönguskíðafólk.

Mývatnssveit:

Mývatnssveit er í um 99 km. fjarlægð frá Akureyri. Þar er ekki um að ræða hefðbundið skíðasvæði heldur frekar svæði fyrir öðruvísi vetrartengda afþreyingu. Ein skíðalyfta er þó staðsett á Kröflusvæðinu í um 10 km fjarlægð frá bænum. Lyftan er um 500 m. löng og fallhæð tæpir 100 m. Engin þjónusta fyrir skíðafólk er á svæðinu.

Styrkleikar Mývatnssveitar að vetri til eru bundir í öðrum vetrartengdum afþreyingarþáttum en venjulegri skíðamennsku. Þar er t.d. hægt að fara í jeppaferð, leigja snjósleða, gönguskíði eða fara í Vetrargarðinn. Í Vetrargarðinum er boðið upp á ýmiskonar afþreyingu á ís, t.d. að keyra gokart bíla, fara í keilu, blak, golf eða krikket.

4. Vinsælir skíðastaðir á Norðurlöndum

Í þessum kafla er fjallað um sex vinsæl skíðasvæði sem Danir sækja gjarnan heim, þrjú þeirra eru í Noregi og þrjú í Svíþjóð. Þessi skíðasvæði eru Trysil, Hemsedal og Hafjell í Noregi og Sälen, Åre og Vallåsen í Svíþjóð.

4.1 Trysil

Skíðasvæðið í Trysil er stærsta skíðasvæði Noregs og er staðsett mitt í hjarta Skandinavíu, rétt við sænsku landamærin. Um er að ræða fjölskylduvænt skíðasvæði þar sem t.d. eru þrjú sérstök skíðasvæði einungis fyrir börn. Á svæðinu geta allir fundið eitthvað við sitt hæfi, allt frá byrjendum og til þeirra lengst komnu. Snjóbrettaaðstaða svæðisins þykir ein sú besta í Noregi. Skíðabrekkurnar eru 67 kílómetrar að lengd og fallhæðin um 685 metrar. Þá er boðið upp á ýmsa aðra afþreyingu á svæðinu en skíði og snjóbretti og má þar nefna sleðaferðir, hundasleðaferðir, keilu og svifdrekaflug.

Skíðasvæðið opnar í nóvember og lokar í apríllök. Opið er daglega frá kl. 9.30 til 16.30. Þrjá daga í viku er hægt að skíða í flóðljósum til kl. 20.00. Þá er einnig hægt að fara á skíði kl. 7:00 á morgnana miðvikudaga og laugardaga frá 10. febrúar til 14. apríl. Verð á skíðapössum er mismunandi eftir dögum og lengd dvalar. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn á aldrinum 7-16 ára, kostar kr. 44.918 að skíða í þrjá og hálfan dag (fimmtudag-sunnudag).

Starfræktur er skíðaskóli á svæðinu ásamt skíða- og brettaleigu. Fyrir þrjá einstaklinga kostar kr. 27.383 að fara í þriggja klukkustunda langan einkatíma til að læra á skíði eða bretti. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 30.386 að leigja skíðibúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Frá Kaupmannahöfn til Trysil eru 730 km og hægt er að keyra þangað á eigin bíl eða ferðast með áætlunarbíl, lest eða flugvél.

Tafla 8. Staðreyndir um Trysil

| | |
|-----------------------------|--------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 30 |
| Flutningsgeta á klst. | 32.900 manns |
| Fjöldi skíðabrekka | 65 |
| - Grænar | 21 |
| - Bláar | 17 |
| - Rauðar | 15 |
| - Svartar | 11 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 67 km |
| Lengsta skíðabrekkan | 6 km |
| Fallhæð | 685 m |
| Lengd gönguskíðaleiða | 100 km |

4.2 Hemsedal

Skíðasvæðið í Hemsedal er eitt stærsta vetrarafþreyingarsvæði í Skandinavíu og liggur mitt á milli Osló og Bergen. Svæðið er þekkt fyrir stöðugt og gott færi, góða umhirðu og fjölbreytta afþreyingu. Skíðasvæðið liggur í um 600 til 1920 metrum yfir sjávarmáli. Í Hemsedal er hægt að finna skíðabrekkur við allra hæfi og er aðstaða fyrir brettafólk talin með þeim betri í Evrópu. Skíðabrekkurnar eru 45 kílómetrar að lengd og fallhæðin um 640 metrar. Skíðasvæðið í Hemsedal er þekkt fyrir gott gönguskíðasvæði en þar er boðið upp á samtals 130 kílómetra af góðum gönguskíðaleiðum.

Stöðugt loftslag og veðurfar tryggir að skíðasvæðið er opið frá nóvember og fram í maí. Opnunartími svæðisins er frá kl. 9:00 til 15:30 frá því að svæðið opnar í nóvember og fram til 9. febrúar. Frá 10. febrúar til 1. maí er hinsvegar opið til kl. 16:30. Frá 4. febrúar til 26. mars er boðið upp á morgunskíði frá kl. 7:00 til 9:00. Þá er einnig boðið upp á skíði í flóðljósum frá kl. 17.30 til 21.00 á tímabilinu 6. desember til 18. mars.

Verð á skíðapössum er mismunandi eftir dögum og lengd dvalar. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn á aldrinum 7-16 ára, kostar kr. 49.362 að skíða í þrjá og hálfan dag (fimmtudag-sunnudag).

Starfræktur er skíðaskóli á svæðinu ásamt skíða- og brettaleigu. Fyrir þrjá einstaklinga kostar kr. 22.639 að fara í þriggja klukkustunda langan einkatíma til að læra á skíði eða

bretti. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 26.026 að leigja skíðabúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Frá Kaupmannahöfn til Hemsedal eru 808 km með því að fara um Osló (frá Osló til Hemsedal eru 220 km). Hægt er að ferðast til Hemsedal á bíl, rútu, lest eða með flugi.

Tafla 9. Staðreyndir um Hemsedal

| | |
|-----------------------------|--------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 21 |
| Flutningsgeta á klst. | 28.500 manns |
| Fjöldi skíðabrekka | 48 |
| - Grænar | 19 |
| - Bláar | 12 |
| - Rauðar | 9 |
| - Svartar | 8 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 45 km |
| Lengsta skíðabrekkan | 6 km |
| Fallhæð | 640m |
| Lengd gönguskíðaleiða | 130 km |

4.3 Hafjell

Skíðasvæðið í Hafjell er í Oppland-héraði rétt norðan við Lillehammer. Skíðasvæðið er m.a. þekkt fyrir að þar var svigið og risasvigið á Vetrarólympíuleikunum í Lillehammer 1994 haldið.

Mismunandi er hversu mikið fellur af snjó í Hafjell á hverjum vetri enda er veðurfar og loftslag þar óstöðugra en í t.d. Hemsedal og Trysil. Á svæðinu er einnig hærra hlutfall skíðabrekka með mjög erfiðum og erfiðum brautum en venjan er og samsvarandi lægra hlutfall af miðlungserfiðum brautum og byrjendabrautum. Fyrir vikið er svæðið ekki eins fjölskylduvænt og hin tvö skíðasvæðin sem lýst var hér á undan. Skíðabrekkurnar eru 33 kílómetrar að lengd og fallhæðin um 830 metrar.

Skíðasvæðið opnar í nóvember og lokar í lok apríl. Opnunartímar eru frá 09.30 til 16.30 (flóðlýstu brekkurnar). Aðrar brekkur loka kl. 15:30 frá 31. janúar. Boðið er upp á kvöldskíði í flóðljósum þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 17:30 til 20:00 til 30. mars.

Verð á skíðapössum er mismunandi eftir dögum og lengd dvalar. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn á aldrinum 7-16 ára, kostar kr. 42.278 að skíða í þrjá og hálfan dag (fimmtudag-sunnudag).

Starfræktur er skíðaskóli á svæðinu ásamt skíða- og brettaleigu. Fyrir þrjá einstaklinga kostar kr. 7.326 að fara í þriggja klukkustunda langan einkatíma til að læra á skíði eða bretti. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 28.585 að leigja skíðabúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Til Oppland frá Kaupmannahöfn eru 800 kílómetrar (160 kílómetra frá flugvelliðum í Osló). Hægt er að ferðast til Hafjell með bíl, rútu og lest en næsta lestarstöð er í 15 kílómetra fjarlægð frá skíðasvæðinu.

Tafla 10. Staðreyndir um Hafjell

| | |
|-----------------------------|--------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 12 |
| Flutningsgeta á klst. | 13.500 manns |
| Fjöldi skíðabrekka | 28 |
| - Grænar | 9 |
| - Bláar | 9 |
| - Rauðar | 6 |
| - Svartar | 4 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 33 km |
| Lengsta skíðabrekkan | 7 km |
| Fallhæð | 830 m |
| Lengd gönguskíðaleiða | 300 km |

4.4 Sälen

Skíðasvæðið í Sälen er stærsta skíðasvæði Skandinavíu og er staðsett í sveitarfélaginu Malung í Dölunum í Vestur-Svíþjóð. Þekktast er svæðið fyrir að „Vasaloppet“, elsta og lengsta gönguskíðakeppni í heimi, er ræst þar á hverju ári. Svæðið sjálft er staðsett 600 metra yfir sjávarmáli og samanstendur af fjórum samtengdum svæðum (Lindvallen, Högfjället, Tandådalen og Hundfjället). Svæðin fjögur eru fjölskyldumiðuð og á svæðinu er eini McDonald's staðurinn í heiminum þar sem skíðafólk getur verslað um lúgu. Svæðin eru mismunandi erfið. Hundfjället er t.d. dæmigert fjölskyldu-

svæði meðan Tandådalen er frekar fyrir vanara skíðafólk. Hin tvö eru meira blandaðri en Lindvallen er t.d. með stærsta barnasvæðið. Skíðabrekkurnar eru 145 kílómetrar að lengd og fallhæðin um 540 metrar.

Svæðin bjóða upp á ýmsa aðra afþreyingu en skíði. Hér má nefna hefðbundna sænska afþreyingu á borð við hunda-sleðaferðir og sleðaferðir með hestum. Önnur afþreying sem er í boði eru snjósleðaferðir, mótórhjólaferðir, go-kart á ís, svífdrekaferðir og sund.

Forsvarsmenn Sälen ábyrgjast að svæðin séu opið frá 15. nóvember og 1. maí og rúmlega 400 snjóframleiðsluvélar hjálpa þeim að standa við það. Í ábyrgðinni felst að ef snjórinn er ekki nægilega mikill og að færri en 15 brekkur eru nothæfar að þá er viðskiptavinum endurgreiddur útlagður kostnaður.

Ekki var hægt að finna verð á skíðapössum fyrir Sälen þar sem um er að ræða marga möguleika varðandi þessi fjögur samtengdu svæði. Í Sälen er starfræktur skíðaskóli þar sem hægt er að velja um á hvaða svæði kennslan á að fara fram ásamt því að blanda svæðum saman.

Jafnfram er starfrækt skíða- og brettaleiga á svæðunum. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 30.826 að leigja skíðabúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Þægilegasta leiðin frá Kaupmannahöfn til Sälen er með því að fljúga til Stokkhólms (400 km frá Sälen) og fljúga þaðan til Mora (90 km frá Sälen). Þaðan er hægt að fara með bíl eða rútu til Sälen.

Tafla 11. Staðreyndir um skíðasvæðið:

| | |
|-----------------------------|----------------------------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 89 |
| Flutningsgeta á klst. | 42.400 Lindvallen og Högfjället |
| | 35.600 Tandådalen og Hundfjället |
| Fjöldi skíðabrekka | 110 |
| - Grænar | 43 |
| - Bláar | 22 |
| - Rauðar | 27 |
| - Svartar | 18 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 145 km |
| Lengsta skíðabrekkan | 2100 m |
| Fallhæð | 540 m |
| Lengd gönguskíðaleiða | 300 km |

4.5 Áre

Skíðasvæðið í Áre er staðsett í Jamtland í Norðurvestur-Svíþjóð og er stærsta skíðasvæði þar í landi og eitt af þeim stærstu í Norður-Evrópu. Svæðið samanstendur af þremur nálægum þorpum (Duvéd, Áre og Áre Björnen) sem liggja við fætur eins þekktasta fjalls landsins, Áreskutan. Skíðasvæðið í Áre er ekki bara stórt heldur líka í heimsklassa og þess má geta að Heimsmeistarakeppnin í alpagreinum 2007 verður haldin í Áre. Skíðasvæðið er mjög fjölbreytt bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Skíðabrekkurnar eru 100 kílómetrar að lengd og fallhæðin um 890 metrar.

Á svæðinu er einnig að finna ýmsa aðra vetrartengda afþreyingu og má nefna veiði í gegnum ís, krullu, svifdrekaflug, hunda- og hreindýrasleðaferðir.

Skíðasvæðið opnar í nóvember og er opið fram í maí. Forsvarsmenn svæðisins ábyrgjast nægan snjó á svæðinu frá 15. nóvember til 24. apríl. Í þessu felst að ef færri en 15 lyftur eru opnar þá daga sem dvalið er í fjallinu getur fólk fengið endurgreitt. Opnunartímar eru frá 9:30 til 15:00 til og með 4. febrúar og frá 9:00 til 16:30 frá 5. febrúar til 1. maí.

Verð á skíðapössum er mismunandi eftir dögum og lengd dvalar. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn á aldrinum 7-16 ára, kostar kr. 42.384 að skíða í þrjá og hálfan dag (fimmtudag-sunnudag).

Starfræktur er skíðaskóli á svæðinu ásamt skíða- og bretta-leigu. Fyrir þrjá einstaklinga kostar kr. 26.766 að fara í þriggja klukkustunda langan einkatíma til að læra á skíði eða bretti. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 28.596 að leigja skíðabúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Frá Kaupmannahöfn til Åre eru 620 km og hægt er að keyra þangað á eigin bíl eða ferðast með áætlunarbíl, lest eða flugvél. Frá Stokkhólmi er hægt að fljúga til Östersund sem er einungis 100 km frá Åre. Þaðan er hægt að fara með bíl eða rútu.

Tafla 12. Staðreyndir um Åre

| | |
|---------------------------------|--------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 45 |
| Flutningsgeta pr. klst. | 48.000 manns |
| Fjöldi skíðabrekka | 100 |
| - Grænar | 11 |
| - Bláar | 42 |
| - Rauðar | 35 |
| - Svartar | 5 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 100 km |
| Lengsta skíðabrekkan | 3000 m |
| Fallhæð | 890 m |
| Heildarlengd á gönguskíðaleiðum | 56 km |

4.6 Vallåsen

Skíðasvæðið í Vallåsen er staðsett í Halland-sýslu (e. county) í Suður-Svíþjóð, nánar tiltekið á norðurhluta Hallands-hryggisins og 68 km frá Helsingborg. Landslagið í Halland er ólíkt landslagi flestra þeirra svæða á Norðurlöndunum sem hafa að geyma vinsæl skíðasvæði en það einkennist af sendnum ströndum og furuskógum. Landslagið breytist hinsvegar eftir því sem komið er norðar þar sem er mikið um hryggi, dali, heiðar og skóga. Skíðasvæðið sjálft er ekki mjög stórt og er nær eingöngu ætlað byrjendum og þeim sem eru aðeins lengra komnir. Fyrir vikið er svæðið með mikið fjölskylduyfirbragð og það í samband við nálægðina við Danmörku gerir það að ákjósanlegum áfangastað fyrir danskt

skíðafólk og fjölskyldur þeirra. Skíðabrekkurnar eru um sex kílómetrar að lengd og fallhæðin um 145 metrar.

Svæðið er ekki opið lengi yfir veturinn eða einungis frá jólum og fram í mars. Síðustu fimm ár hefur skíðasvæðið haft opið að meðaltali 70 daga á vetri. Opnunartímar eru frá 9:00 til 18:00. Suma daga vikunnar er opið til 21:00.

Verð á skíðapössum er mismunandi eftir dögum og lengd dvalar. Fyrir fjögurra manna fjölskyldu, hjón með tvö börn á aldrinum 7-16 ára, kostar kr. 36.708 að skíða í þrjá og hálfan dag (fimmtudag-sunnudag).

Starfræktur er skíðaskóli á svæðinu ásamt skíða- og brettaleigu. Fyrir þrjá einstaklinga kostar kr. 20.991 að fara í þriggja klukkustunda langan einkatíma til að læra á skíði eða bretti. Fyrir fjögurra manna fjölskylduna kostar kr. 26.364 að leigja skíðabúnað í þrjá og hálfan dag miðað við að foreldrarnir fari á skíði og börnin á bretti.

Skíðasvæðið í Vallåsen er sérlega vinsælt meðal Dana enda er afar stutt að ferðast þangað frá Kaupmannahöfn eða einungis 110 km. Hægt er að keyra til Vallåsen frá Kaupmannahöfn á eigin bíl eða ferðast með áætlunarbíl, lest, flugvél eða ferju.

Tafla 13. Staðreyndir um Vallåsen

| | |
|-----------------------------|-------------|
| Fjöldi skíðalyfta | 5 |
| Flutningsgeta á klst. | 7.200 manns |
| Fjöldi skíðabrekka | 10 |
| - Grænar | 3 |
| - Bláar | 5 |
| - Rauðar | 1 |
| - Svartar | 1 |
| Heildarlengd á skíðabrekkum | 5,17 km |
| Lengsta skíðabrekkan | 1260 m |
| Fallhæð | 145 m |
| Lengd gönguskíðaleiða | 2,5 km |

5. Samanburður skíðasvæða

Í þessum kafla eru skíðasvæðin sem fjallað hefur verið um hér að framan borin saman, þ.e. skoðuð er samkeppnisstaða Hlíðarfjalls gagnvart skíðasvæðunum í Noregi og Svíþjóð.

Hlíðarfjall er mun minna skíðasvæði en hin svæðin ef frá er talið Vallåsen. Þar með er ekki sagt að svæðið sé verra eða betra en hin svæðin. Að horfa á tölur sem skýra frá fjölda skíðalyfta, flutningsgetu þeirra á klukkustund og fjölda skíðabrekkna segir væntanlegu skíðafólki lítið nema þær séu settar í samhengi við fjölda fólks sem er á skíðasvæðinu á sama tíma. Fyrir skíðamanninn skiptir máli hversu mikill tími dagsins fer í að renna sér og hversu mikill tími fer í að bíða eftir ferð upp brekkurnar ásamt dvalartíma í skíðalyftunum. Einnig skiptir máli að hægt sé að velja sér brekkur sem eru við hæfi, þ.e. brekkur sem skíðamaðurinn ræður við og aðeins meira krefjandi brekkur. Kunnátta manna er misjöfn á skíðum og því þurfa brekkurnar að vera fjölbreyttar til að sem flestir finni einhverjar við sitt hæfi. Einnig eru þarfir fólks mismunandi, sumir vilja renna sér á skíðum, aðrir á snjóbretti og enn aðrir sem vilja fara á gönguskíði. Svo eru líka enn aðrir sem vilja geta stundað aðra afþreyingum á skíðasvæðinu meðan hinir eru á skíðum. Annað sem skíðamaðurinn horfir á er snjórinn. Langvarandi og endurtekið snjóleysi þýðir að skíðamaðurinn missir trú á skíðasvæðinu og leitar annað.

Einnig skiptir þjónustustig skíðasvæðisins miklu máli, góð þjónusta er lykilatriði í samkeppninni við önnur svæði ekki bara hvaða þjónusta er í boði heldur líka hvernig hún er veitt. Gistiaðstaða, samgöngur og aðrir innviðir samfélagsins skipta skíðamanninn líka miklu máli þegar kemur að valinu hvert skal halda.

Segja má í raun að þá kemur Hlíðarfjall alls ekki illa út sé eingöngu lítið á skíðasvæðið sjálft, því þar er í raun allt til staðar nema önnur afþreying eins og sjá má á töflunni hér fyrir aftan. Lítil bið er eftir lyftum og það tekur í raun skamman tíma að komast upp brekkurnar. Hvað niðurleiðina varðar þá getur skíðamaðurinn skíðað tiltölulega frjálst niður

án þess að þurfa mikið að huga að öðrum skíðamönnum. Fólksfjöldinn sem skíðar niður brekkurnar í einu er ekki mikill og á hver og einn að hafa nokkuð mikið svæði fyrir sig. Hægt er að velja um fjölbreyttar brekkur og miserfiðar. Hvað gæði þjónustunnar varðar sem veitt er á skíðasvæðinu þá vilja forssvarsmenn skíðasvæðisins meina að hún sé mjög góð og alls ekki síðri en á öðrum skíðasvæðum.

Tafla 14. Samanburður á skíðasvæðunum

| | Hlíðar- fjall | Trysil | Hemse- dal | Hafjell | Salen | Are | Vallåsen |
|-----------------------|------------------|--------|---------------|---------|-------|------|----------|
| Fjölskylduvænt svæði | Já | Já | Já | Nei | Já | Já | Já |
| Fjölbreyttar brekkur | Já | Já | Já | Nei | Já | Já | Nei |
| Gönguskíðaleiðir | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já |
| Brettaaðstaða | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já |
| Önnur afþreying | Nei | Já | Já | Nei | Já | Já | Nei |
| Snjóframleiðsla | Já | Já | Nei | Nei | Já | Já | Nei |
| Skíðaskóli | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já |
| Skíða- og brettaleiga | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já |
| Veitingaaðstaða | Já | Já | Já | Já | Já | Já | Já |
| Fallhæð | 474m | 685m | 640m | 830m | 540m | 890m | 145m |

Verðlag á svæðunum er mjög mismunandi og er ljóst að Hlíðarfjall er mjög vel samkeppnishæft hvað það varðar. Sérstaklega kemur Hlíðarfjall mjög vel út í samanburðinum á skíðapössunum, þ.e. lyftugjöldunum en sjá má að þau eru í raun aðeins brot af því sem greiða þarf fyrir slíkt annars staðar.

Tafla 15. Samanburður verðlags á skíðasvæðunum

| | Hlíðar- fjall | Trysil | Hemse- dal | Hafjell | Salen | Are | Vallåsen |
|------------------|------------------|---------------|---------------|--------------|---------------|--------|----------|
| Skíðapassar | 14.760 | 44.918 | 49.362 | 42.278 | | 42.384 | 36.708 |
| Leiga á útbúnaði | 29.600 | 30.386 | 26.062 | 28.585 | 30.826 | 28.596 | 26.364 |
| Skíðakennsla | 9.000 | 27.383 | 22.639 | 7.326 | | 26.766 | 20.991 |

Af þessu öllum má sjá að hægt er að fullyrða að Hlíðarfjall á fullt erindi við danska skíðamenn, allavega ekki síður en þessi svæði sem þeir hafa verið að leita til á hinum Norðurlöndunum.

6. Markhópar á Stór-Kaupmannahafnar-svæðinu

Í þessum hluta er fjallað um væntanlega markhópa skíðaferða til Íslands frá Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu. Upplýsingar í þessum kafla byggjast á viðtölum við nokkra valinkunna menn með sérfræðiþekkingu á hegðun danskra skíðamanna. Sjá nánar í viðauka.

6.1 Ferðavenjur danskra skíðamanna

Danmörk er í raun nær flatt land og því er ekki um auðugan garða að gresja hvað varðar skíðasvæði. Þó er löng hefð fyrir skíðamennsku í Danmörkur, væntanlega vegna nálægðarinnar við Svíþjóð og Noreg þar sem skíðamennska er mjög vinsæl. Þar er fjöldinn allur af skíðasvæðum sem hafa allt til alls og tiltölulega auðvelt og ódýrt er að ferðast þangað.

Mjög algengt er að danskur skíðamaður byrji á unga aldri að fara með foreldrum sínum til Noregs og/eða Svíþjóðar á skíði eða fari í slíkar ferðir með fjölskyldu vinar síns. Í mjög mörgum tilvikum er um að ræða fleiri en eina ferð yfir vetrartímann og nær alltaf á hverjum vetri. Ekki er endilega farið á sama stað því nóg er um að velja en þó töldu viðmælendur ferðafólk sýna nokkra tryggð við skíðasvæðin. Skíðabrekkurnar vega mjög þungt þegar skíðasvæðið er valið, mun meira en t.d. útsýni og landslag. Þegar árin líða og skíðamaðurinn eldist er leitað að meira krefjandi skíðasvæðum og í mörgum tilfellum annars konar upplifun. Þá er gjarnan leitað til skíðasvæðanna í Ölpunum.

Þegar skíðamaðurinn eignast svo sína eigin fjölskyldu er byrjað á því að fara með börnin til Noregs og/eða Svíþjóðar og þannig heldur ferlið áfram. Vissulega eru undantekningar á þessari mynd sem dregin var upp hér að framan og til að mynda er nokkuð um að danskir skíðaferðamenn fari á skíðasvæði annars staðar, s.s. í Norður-Ameríku, A-Evrópu og víðar, ferðist með skíðaklúbbum eða öðrum hópum o.s.frv.

6.2 Mögulegir markhópar

Áætlað er að Danir fari í 500 þúsund skíðaferðir erlendis á hverju ári. Þessum ferðum má gróflega skipta niður í 200 þúsund gönguskíðaferðir (e. nordic skiing) og 300 þúsund alpaskíðaferðir (e. alpine skiing). Þegar skoða á væntanlega markhópa fyrir skíðaferðir til Íslands er nauðsynlegt að hafa í huga að í augum flestra Dana er skíðamennska fyrst og fremst afþreying en ekki íþróttaupplifun. Með það í huga var þeim skipt upp í fimm mögulega markhópa: (1) fjölskyldufólk, (2) skíðaklúbbar, (3) ævintýraskíðafólk, (4) hvataferðir og (5) skólahópar. Hér fyrir aftan er stuttlega gerð grein fyrir hverjum markhópi fyrir sig.

Fjölskyldufólk

Fjölskyldufólk er í miklum meirihluta þeirra Dana sem fer erlendis í skíðaferðir. Að mati viðmælenda eru það einkum tveir þættir sem ráða vali á áfangastað í fyrsta lagi verð og í öðru lagi skilvirkni þjónustu. Þessi markhópur er í örum vexti.

Fjölskyldufólkið er heilt yfir frekar einsleitur hópur sem hefur það sammerkt að reyna í flestum tilfellum að ferðast á sem hagkvæmastan hátt. Það er mjög auðvelt fyrir danska fjölskyldu að keyra á eigin bíl til Noregs og Svíþjóðar til að fara á skíði. Stærsti hluti þessa fólks velur að vera í bústað og elda sjálf frekar en að vera á hóteli. Fjölskyldan getur keypt megnið af matvöru og annarri nauðsynjavöru í heimabyggð áður en lagt er af stað. Á þennan hátt er hægt að halda í ferða- og dvalarkostnaði í lágmarki. Það má því leiða líkur að því að þessi hópur myndi setja fyrir sig hátt verðlag á Íslandi og hæpið er að hægt sé að bjóða ferðir til Akureyrar á betri eða sambærilegum kjörum og til Noregs eða Svíþjóðar.

Skíðasvæðin í Noregi og Svíþjóð eru í mikilli samkeppni og þar af leiðandi er góð þjónust eitt af því sem er þeirra aðalsmerki. Danir kunna vel að meta góða þjónustu auk þess sem mikið af starfsfólki skíðasvæðanna talar dönsku.

Skíðaklúbbar

Skíðaklúbbar í Danmörku eru nokkuð frábrugðnir skíðaklúbbum í öðrum Norðurlöndum. Hlutverk danskra skíðaklúbba er fyrst og fremst að skipleggja skíðaferðir fyrir klúbbmeðlimi til annarra landa á meðan skíðaklúbbar annars staðar ganga flestir út á að skipuleggja skíðaæfingar og keppni. Skíðaklúbbarnir skipuleggja allskonar skíðaferðir, s.s. ferðir fyrir byrjendur, ferðir fyrir ungt fólk, ferðir fyrir lengra komna o.s.frv., enda er fólk á öllum aldri og úr flestum stigum þjóðfélagsins í þessum skíðaklúbbum. Talið er að í dag séu um 12.000 Danir meðlimir í dönskum skíðaklúbbum, mest þó miðaldra fólk. Sú staðreynd getur þó verið tækifæri fyrir Akureyri þar sem það er oft fólk sem vill upplifa eitthvað frábrugðið og er komið með ákveðinn leiða á að fara alltaf í svipaðar ferðir.

Skíðaklúbbarnir reyna eftir fremsta megni að mæta þörfum þess fólks sem þeim tilheyrir og segja má að í raun virki þeir sem eins konar ferðaskrifstofa fyrir vetrartengda afþreyingu. Þessi markhópur fer þó minnkandi því í raun hefur það færst í vöxt að fólk skipuleggi sitt frí sjálft og þörfin fyrir skíðaklúbbana hefur minnkað. Algengast er að í hópferð hjá skíðaklúbbunum séu 50–150 einstaklingar sem ferðast saman. Yfirleitt eru það stjórnir skíðaklúbbanna sem ráða hvaða ferðir eru í boði og hversu oft og því ætti vera tiltölulega auðvelt að ná til þessa markhóps.

Hefðbundinn ferðamáti hjá skíðaklúbbum á leið erlendis er annað hvort með rútum og/eða með flugi. Rútuferðamátinn hefur þó verið á undanhaldi undanfarin ár þar sem hann hefur fengið slæmt orð á sig ekki síst vegna slysa sem hafa orðið. Þá hefur t.d. ferðatími til Alpanna lengst vegna hraðatakmarkanna í Þýskalandi og víðar á hinar svokölluðu „svefnrútur“. Jafnframt hefur verð á flugi lækkað undanfarin ár þannig að það er orðið talsvert ódýrara að fljúga en áður.

Ævintýraskíðafólk

Alltaf eru það einhverjir sem vilja eitthvað annað en gengur og gerist. Þetta er t.d. fólk sem leitar eftir að komast í ævintýri, þ.e. upplifa eitthvað nýtt og framandi. Stærð þessa markhóps er óþekkt, hann er þó hlutfallslega ekki stór en fer ört stækkandi.

Telja verður ljóst að ímynd Íslands sem framandi náttúruparadísar myndi óhjákvæmilega spila stórt hlutverk hjá þeim ævintýraskíðamönnum sem legðu leið sína hingað. Í þessum efnum ber að hafa í huga að Ísland hefur ekki ímynd sem skíðaparadís í huga danskra skíðamanna. Skíðasvæðið eitt og sér er ekki áhugavert fyrir þennan markhóp heldur eru það vetrarafþreyingarmöguleikar svæðisins í heild sem myndi heilla ævintýraskíðafólkið. Hér getur þó verið tækifæri fyrir Akureyri og nágrenni þar sem skíðasvæðið og vetrarafþreyingarmöguleikar svæðiðins um margt frábrugðnir því sem býðst annars staðar.

Hvataferðir

Annar áhugaverður markhópur fyrir skíðaferðir til Akureyrar og nágrennis eru fyrirtæki sem standa fyrir svokölluðum hvataferðum (e. incentive trips) en þetta er einmitt sá angi danskra skíðaferðamennsku sem vex hvað örast um þessar mundir. Þetta er vissulega ekki hlutfallslega fjölmennur hópur en það sem gerir þennan markhóp sérstaklega ákjósanlegan er að einstaklingar innan hans hafa mikið af peningum á milli handanna og kaupa alla jafna bestu mögulegu þjónustuna á áfangastað, s.s. bestu hótelin, grill, nestisferðir o.s.frv. Þess má einnig geta að hópar sem þessir taka oftast en ekki með sér skíðakennara að heiman.

Eitt helsta skilyrðið í hvataferðum er að ferðirnar taki ekki lengri tíma en þrjá til fjóra daga enda er í flestum tilvikum um að ræða fólk úr viðskiptalífinu sem getur ekki tekið meira en eins eða tveggja daga frí úr vinnu. Skilvirkar flugsamgöngur skipta miklu máli í þessu samhengi upp á að ferðamennirnir fái sem mest út úr ferðinni og það á sem skemmstum tíma.

Skólahópar

Skólahópar hafa verið nefndir til sögunnar sem hugsanlegur markhópur fyrir skíðaferðir til Akureyrar en þessir hópar fara mikið á skíðasvæði í Noregi og Svíþjóð í vetrarfríunum sem eru í lok febrúar (vikur 7 og 8). Hér er um að ræða krakka á aldrinum 15 til 16 ára.

Viðmælendur voru einróma um að skólahópar væru ekki ákjósanlegur markhópur. Ástæða þessa er að skólahóparnir samanstanda af einstaklingum sem hafa ekki mikið á milli handanna og eru frekar að leita eftir skemmtun og samneyti við aðra einstaklinga á sama reki en sérstakri skíðaupplifun. Þess má geta að það eru örfáar ferðaskrifstofur sem hafa með þennan markað að gera, þannig að aðgengið er gott.

7. Niðurstöður úr rýnihópavinnu

Til þess að gera sér enn betur grein fyrir möglegum markhópum var ákveðið að skipuleggja tvo rýnihópafundi í Danmörku með sem breiðustum hópi sérfræðinga skíðaferðamennsku Danmerkur. Í þessum kafla verður greint frá helstu niðurstöðum þessarar rýnihópavinnu. Hann byggir á umræðum frá rýnihópafundunum og samantektarskýrslu frá þeirri vinnu sem tekin var saman af ráðgjafafyrirtækinu, Radarstation (sjá Viðauka III).

Byrjað er á því að fjalla um styrkleika og veikleika Akureyrar og nágrennis sem valkosti fyrir danska skíðamenn og síðan er fjallað um ennfrekar um vænlega markhópa.

7.1 Styrkleikar og veikleikar Akureyrar og nágrennis

Ljóst er að samkvæmt niðurstöðum rýnihópanna hefur Ísland og Akureyri margt áhugavert að bjóða í augum Dana. Í þeirra augum er Ísland afskekkt og ævintýrleg eyja með mikla náttúrufegurð og merkilega sögu. Það og hinn stutti ferðatími frá Kaupmannahöfn til Akureyrar og þaðan upp í Hlíðarfjall eða í aðra vetrartengda afþreyingu eru helstu styrkleikar Akureyrar og nágrennis sem álitlegs áfangastaðar danskra skíðamanna. Þar spilar beint flug til Akureyrar lykilhlutverk því þátttakendur voru einróma sammála um það að ferðalag um Keflavíkurflugvöll væri mun síðri kostur en beina flugið í ljósi lengri ferðatíma, dýrara ferðalags og annars óhagræðis.

Það sem heillaði þátttakendur mest varðandi skíðasvæðið í Hlíðarfjalli var ekki síst að hversu öruggt og afkastamikið svæðið væri. Með þessu er m.a. átt við að aðsókn og umferð í fjallinu er hlutfallslega lítil miðað við stærð skíðasvæðisins, sem er um 200 hektarar. Að sama skapi er ekki eitt einasta tré fyrir hendi á skíðasvæðinu en það er ólíkt því sem Danir eiga að venjast á skíðasvæðum í t.a.m. Noregi og Svíþjóð. Fyrir vikið væri skíðafólk „frjálssara“ en á öðrum svæðum auk þess sem svæðið væri barnvænna en ella.

All nokkrir þátttakendur í rýnihópunum höfðu komið til Íslands og sumir margoft. Höfðu þessir aðilar það sammerkt að þykja Íslendingar taka vel á móti ferðamönnum. Þótti þeim sömuleiðis sem Ísland hefði yfir sér rólegt og afslappandi yfirbragð sem myndi höfða til Dana sem sjá skíði og skíðaferðir erlendis fyrst og fremst sem afþreyingu.

Samgöngumál á Akureyri og nágrenni eru ein stærsta hindrunin við að fá Dani hingað í skíðaferðir. Fyrir það fyrsta að þá er það ekki hefðbundið að Danir leigi sér bíla þegar þeir fara í skíðaferðir en það er sá ferðamáti sem þyrfti að vera í flestum tilvikum við núverandi aðstæður. Í annan stað að þá eru almenningsgöngur á Akureyri og nágrenni langt frá því að vera viðunandi til þess að geta þjónustað einstaklinga og hópa sem hingað koma til þess að nýta sér vetrartengda afþreyingu.

Engum blöðum er um það að fletta að þjónustustigið á samkeppnissvæðunum í Noregi og Svíþjóð er töluvert hærra en í Hlíðarfjalli, svo ekki sé minnst á minni skíðasvæðin í nágrenni Akureyrar. Þetta skýrist mestmegnis af því að skíðasvæðin í Noregi og Svíþjóð hafa verið byggð upp markvisst í marga áratugi með það fyrir augum að geta þjónustað skíðaferðamenn sem best. Þess vegna eru þau jafn vinsæl og raun ber vitni. Hvað Hlíðarfjall og hin skíðasvæðin í nágrenni Akureyrar varðar að þá hefur aðstaða þeirra batnað og þjónustustig aukist síðustu ár en hún er samt sem áður langt frá því að jafnast á við fyrrnefnd samkeppnissvæði. Þetta setur stórt strík í reikninginn gagnvart markhópum á borð við fjölskyldufólk sem leggur mikið upp úr skilvirkri þjónustu.

Síðast en ekki síst að þá er flugáætlun beina flugsins milli Kaupmannahafnar og Akureyrar óhentugt fyrir kaupendur skíðaferða. Fyrst ber að nefna að eins og staðan er núna að þá er ekki flogið milli Akureyrar og Kaupmannahafnar á háannatíma danskrar skíðaferðamennsku sem er í febrúar og fram í byrjun maí. Beint flug á þessum tíma verður að vera fyrir hendi að mati þátttakenda í rýnihópunum til að markaður sé fyrir skíðaferðir frá Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu til

Akureyrar og nágrennis, eins og komið hefur fram áður. Besta fyrirkomulagið, að mati þátttakenda í rýnihópunum, væri ef flogið væri fram og til baka fimmtudaga og sunnudaga.

Það er ekkert nýtt að fólk hræðist hið óþekkt. Þetta á einnig við um skíðaferðir til Akureyrar og nágrennis enda landið og ennfremur svæðið óþekkt stærð í hugum flestra Dana, sem hingað til hafa ekki álitnið Ísland vera áfangastað fyrir skíðaferðir. Hluti af óttanum við að fara í skíðaferð til Íslands, nánar tiltekið til Akureyrar og nágrennis, liggur í því að Danir hafa ákveðna ímynd af Íslandi sem snjópungu veðravíti. Það sem meira er að þá veigra Danir sér við því að keyra í snjó, svo ekki sé minnst á íslenskar aðstæður sem eru talsvert frábrugðnar því sem þeir eiga að venjast.

Eins og komið hefur verið inn á hér á undan að þá er skíðasvæðið í Hlíðarfjalli, sem og hin skíðasvæðin í nágrenni Akureyrar, ekki samkeppnishæft við samkeppnissvæðin í Noregi og Svíþjóð ef horft er til aðstöðu skíðasvæðanna sjálfra (s.s. fallhæðar, fjölda lyfta, þjónustustigs o.s.frv.). Þetta er er vissulega hindrun ekki síst fyrir ferðamenn sem einblína fyrst og fremst á skíðaaðstöðuna.

Þegar kostnaðar við skíðaferðir til Akureyrar og nágrennis var skoðaður á rýnihópafundunum og skoðaður í samanburði við ferðir til samkeppnissvæðanna kom í ljós að svæðið er heilt yfir vel samkeppnisfært. Það sem meira er að þá er Akureyri og nágrenni samkeppnisfært í lykilþáttum á borð við gistingu, skíðapassa og flugfargjald. Hinsvegar, setur hið háa verðlag héraðs, ekki síst álagning á áfengi, strik í reikninginn hvað þetta varðar. Þótti þátttakendum í rýnihópunum til að mynda matur og drykkur hér á landi æði dýr. Einnig þóttu aðrir vetrartengdir afþreyingarmöguleikar á svæðinu, fyrir utan skíðin, full dýrir fyrir fyrir smekk hins almenna danska skíðaferðamanns. Þóttust þátttakendurnir sannfærðir um að margir danskir skíðaferðamenn myndu setja hið háa verðlag fyrir sig enda velti þeir talsvert fyrir sér „duldu“ kostnaði við skíðaferðir. Til þess að mæta þessu voru þátttakendurnir einróma um að besta leiðin til þess að lokka hinn hefðbundna

danska skíðaferðamann til Akureyrar og nágrennis væri að bjóða upp á pakka með ódýru flugi og gistingu, með engum duldum kostnaði, þar sem ferðamenn gætu sjálfir valið aðra afþreyingarmöguleika.

7.2 Helstu markhópar

Í rýnihópunum var danski skíðamarkaðurinn skoðaður grannt og höfð til hliðsjónar núverandi þróun og þeir innviðir sem eru þegar fyrir hendi á Akureyri og nágrenni. Út frá þessum þáttum voru greindir þrjú markhópar sem þykja ákjósanlegastir fyrir skíðaferðir til Akureyrar. Þessir þrjú hópar eru hvataferðir, ævintýraskíðafólk og fjölskyldur.

Hvataferðir

Það var eindregin niðurstaða rýnihópanna að hvataferðir væru ákjósanlegasti markhópurinn fyrir skíðaferðir til Akureyrar og nágrennis. Forsendurnar sem liggja að baki þessari niðurstöðu eru einkum fjórar.

Í fyrsta lagi hefur Akureyri og nágrenni innviðina til að þjónusta þennan hóp sem vill fá þjónustu í hæsta gæðaflokki. Gott framboð er af gistirýmum í háum gæðaflokki á Akureyri en þar er einning að finna sumarhús og orlofsíbúðir sem talin eru geta komið í stað skíðaskálanna sem hefðbundnir danskir skíðaferðamenn gista alla jafna í á skíðaferðalögum sínum. Þá ber að nefna að ferðaþjónustuaðilar á svæðinu eiga betur með og hafa meiri reynslu við að þjónusta hópa en einstaklinga. Dæmigerðir hvataferðahópar samanstanda af 12 til 40 einstaklingum og eru slíkar ferðir skipulagðar í smáatriðum sem auðveldar alla þjónustu við hópana.

Í öðru lagi þá er auðveldara að standa að markaðssetningu ferða fyrir þennan hóp en flesta aðra, sérstaklega í ljósi þess að mjög fáir aðilar á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu eru að skipuleggja svona ferðir. Þetta þýðir að ef rétt er að staðið útheimtir markaðssetning sem þessi talsvert minni fjárútlát en auglýsingaherferðir sem beint er að skíðaferðamönnum sjálfum. Lykilatriðið er að bjóða fulltrúum frá viðkomandi

ferðaþjónustuaðilum til Akureyrar á háannatíma, svo að þeir geti metið svæðið og kosti þess. Þátttakendur töldu það heyrta til algerra undantekninga ef ferðaþjónustuaðili selur hvataferðir til áfangastaðar sem að hann hefur ekki heimsótt sjálfur. Jafnframt er talið mjög mikilvægt að fá umfjöllun í skíðatímaritum og öðrum trúverðugum miðlum og veita þeim þannig góðar og hagnýtar upplýsingar um Akureyri sem spennandi valkosti í hvataferðum.

Í þriðja lagi þá er Ísland, þ.á.m. Akureyri og nágrenni, áhugaverður og spennandi áfangastaður og slíkir staðir verða oftar en ekki fyrir valinu þegar hvataferðir eru skipulagðar. Nokkrir þátttakendur í rýnihópunum líktu Íslandi sem áfangastað fyrir hvataferðir við lönd á borð við Slóveníu, Tékkland og Grænland og voru þess fullvissir um að hvataferðir væru gullið tækifæri fyrir ferðaþjónustuaðila á Akureyri og nágrenni, að því gefnu að svæðið gæti veitt dönskum ferðaþjónustuaðilum fullnægjandi þjónustu.

Í fjórða og síðasta lagi þá hentar sérstaða Akureyrar og nágrennis, í samanburði við samkeppnissvæðin, hvataferðum vel. Sérstaðan felst m.a. í því að bjóða upp á afþreyingarmöguleika, á borð við jarðböð, golf á ís, snjósleðaferðir o.þ.h., sem að samkeppnissvæðin hafa ekki upp á að bjóða. Þetta er hentugt þar sem skíðaiðkun yrði líklegast einungis fjórðungur af þeirri afþreyingu sem þyrfti til að hafa ofan af fyrir hinum dæmigerða hvataferðahópi.

Ævintýraskíðafólk

Það var niðurstaða rýnihópanna að ævintýraskíðafólk væru næst ákjósanlegasti markhópurinn fyrir skíðaferðir til Akureyrar og nágrennis. Þessi hópur er fyrst og fremst að leita eftir einstakri upplifun og hefur svæðið fjölmargt að bjóða sem höfðar sterkt til þessa markhóps. Má þar helst nefna skíðaferðir á Kaldbak en sá möguleiki að geta skíðað ofan af fjallstindi og niður að sjó féll vægast sagt í kramið hjá þátttakendum í rýnihópunum og töldu sumir að hægt væri að selja ferðir til Akureyrar einungis út á það. Þá voru menn sammála um að öðruvísi afþreying en Danir ættu að venjast,

s.s. snjósleða- og jeppaferðir, væru nokkuð sem höfðaði sterkt til þessa markhóps auk þess sem talið var að jarðböðin í Mývantssveit styddu vel við ævintýraskíðamennsku og í raun við allar ferðir sem byggðust upp á skíðaiðkun. Þar vildu þeir meina að Akureyri og nágrenni væri með nokkuð sem væri sannarlega einstakt.

Að lokum að þá var það niðurstaða rýnihópafundanna að ævintýraskíðafólk væri ekki síst ákjósanlegur markhópur vegna þess að þessi hópur væri brautryðjandi fyrir aðra markhópa. Þetta þýðir með öðrum orðum að einstaklingar í þessum hópi eru oftast en ekki viljugri en hinn almenni skíðaferðamaður að prófa eitthvað nýtt og spennandi. Fyrir vikið töldu þátttakendur í rýnihópunum að það væri auðveldara að sannfæra einstaklinga í þessum markhópi en öðrum að koma til Akureyrar og nágrennis á skíði. Aðrir hópar myndu síðan fylgja í kjölfarið ef reynsla ævintýrasíðafólksins væri góð.

Rétt eins og með hvataferðirnar að þá er það algert lykilatriði að bjóða fulltrúum frá ferðarþjónustuaðilum sem selja ævintýraferðir til Akureyrar og nágrennis á háannatíma, svo að þeir geti metið svæðið og kosti þess. Þetta er nauðsynlegt til þess að viðkomandi geti fjallað um svæðið af meiri þekkingu og ekki síst til þess að byggja upp velvilja. Umfjöllun í skíðatímaritum og öðrum trúverðugum miðlum skiptir einnig miklu máli fyrir þennan markhóp. Í þessum efnum skiptir innlegg fagaðila, s.s. skrif sérfróðra blaðamanna um skíðaferðir, miklu máli. Það er ekki síst vegna þessa sem þátttakendur í rýnihópunum lögðu einnig mikla áherslu á mikilvægi þess að bjóða blaðamönnum í heimsókn til Akureyrar og nágrennis á háannatíma svo að þeir geti upplifað svæðið og fjallað um það í miðlum sínum.

Fjölskyldur

Það var niðurstaða rýnihópanna að fjölskyldur væru þriðji ákjósanlegasti markhópurinn. Töldu þátttakendurnir að Akureyri og nágrenni hefði upp á hitt og þetta að bjóða fyrir þennan markhóp. Til að mynda væri svæðið fjölskylduvænt

og öruggara en flest önnur svæði. Þetta á ekki síst við Hlíðarfjall og Akureyri.

Hinsvegar, töldu þátttakendurnir í rýnihópunum að Akureyri og nágrenni væri ekki samkeppnishæft um fjölskyldufólkið við helstu samkeppnissvæði í Noregi og Svíþjóð þar sem hér skorti nauðsynlega innviði og það þjónustustig sem þessi markhópur ætti að venjast. Þar fyrir utan væri Ísland svo til óþekkt fyrir þessum hópi sem skíðaáfangastaður og fyrir vikið væri það þrautin þyngri að fá einstaklinga úr þessum hópi til þess að koma í einhverjum mæli til Akureyrar og nágrennis.

Það sem skiptir mestu máli fyrir einstaklinga í þessum markhópi er að skipta við trúverðugan ferðaþjónustuaðila, að fá það á tilfinninguna að áfangastaðurinn sé öruggur fyrir fjölskylduna og loks að ferðin sé ekki of dýr. Liður í öllu þessu er, sem fyrr, að bjóða lykilaðilum úr danska skíðaferðamenskubransanum til Akureyrar og nágrennis. Þannig kynnast ferðaþjónustuaðilar svæðinu af eigin raun og geta þar af leiðandi veitt traustari upplýsingar um það. Að sama skapi geta fjölmiðlamenn betur fjallað um svæðið ef þeir hafa persónulega reynslu af því.

Verð skiptir þennan markhóp mestu máli af þeim þremur sem hér eru til skoðunar. Það er ekki síst af þessari ástæðu sem að tilboð í blöðum og tímaritum hafa meiri áhrif á þennan hóp en aðra. Sama má segja um markaðsherferðir sem byggjast upp á samkeppnum, sértilboðum og öðru þess háttar, en þessi hópur er ginkeyptari fyrir slíku en flestir aðrir.

8. Ályktanir og næstu skref

Af framangreindu er ljóst að Akureyri og nágrenni getur ekki keppt við skíðasvæðin í Noregi og Svíþjóð sem til skoðunar voru á grundvelli skíðaafþreyingar eingöngu. Í þeim efnum stæði Akureyri og nágrenni einfaldlega langt að baki enda hafa svæðin margra áratugaforskot á Íslendinga við að byggja upp sín helstu svæði og innviði þeirra. Hvað sem því líður töldu þátttakendurnir í rýnihópunum bráðnauðsynlegt að byggja upp þjónustustigið á Akureyri og nágrenni til þess að styðja við og mæta kröfum danskra ferðaðþjónustuaðila. Hvað mikilvægast í þessu er að bæta almenningssamgöngur en Danir eru vanir þeim samgöngumáta í skíðaferðum.

Það er alveg ljóst að Akureyri og nágrenni á fullt erindi við danska skíðaferðamenn enda hefur svæðið upp á margt að bjóða. Að okkar mati er vænlegasta leiðin sú að leggja út frá sérstöðu Akureyrar og nágrennis og markaðssetja skíðaferðir þangað sem einstaka upplifun sem eigi engan sinn líka. Megináherslan í slíkum ferðum væri hin einstaka náttúrufegurð landsins og öðruvísi afþreying en Danir eiga að venjast annars staðar frá, s.s. Kaldbaksferðir og Jarðböðin á Mývatni. Þessi nálgun er líkleg til þess að höfða til markhópa á borð við hvataferðir og ævintýraskíðafólks, sem eru ekki ýkja fjölmennir en engu að síður ábatasamir hver á sinn hátt. Með þessu væri, jafnframt, búið að skapa svæðinu ákveðna markaðssyllu þar sem samkeppnisstaða þess væri sterk. Jafnframt er það mat okkar að best er að byrja á þessum markhópum og reyna ekki að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur heldur byrja smátt. Markaðssetning á nýju skíðasvæði tekur tíma og nauðsynlegt er að nýta þann tíma vel til að byggja innviði svæðisins upp með frekari markaðssetningu í huga.

Eins og þátttakendurnir í rýnihópunum komu hvað eftir annað inn á er lykillinn að árangursríkri markaðssetningu Akureyrar og nágrennis sú að markaðssetja svæðið beint við lykilaðila í skíðaferðaðþjónustunni í Danmörku. Er hér átt við þá aðila sem taka ákvarðanirnar um hvaða áfangastaði verða í boði fyrir

skíðaferðamenn og þá sem hafa áhrif á þær ákvarðanir, aðallega fjölmiðlafólk. Þessum aðilum verður til að mynda að bjóða til Akureyrar og nágrennis á háannatíma svo að þeir geti kynnst svæðinu persónulega og eigi þannig auðveldara með að „selja“ það.

Heilt yfir voru þátttakendurnir í rýnihópunum bjartsýnir á möguleika Akureyrar og nágrennis við að lokka Dani í skíðaferðir til svæðisins. Töldu þeir svæðið mjög áhugavert og því væri þetta fyrst og fremst spurning um rétta nálgun. Ennfremur töldu þeir afar mikilvægt að verkefninu yrði sýnd nauðsynleg þolinmæði því það tæki tíma að byggja upp stöðugan markað fyrir skíðaferðir til svæðisins. Töldu þeir að vöxtur í skíðaferðum til Akureyrar og nágrennis muni verða í stökkum og að það muni taka þrjú til fjögur ár að byggja upp viðeigandi innviði og þjónustustig.

Lykilatriðið fyrir markaðssetningu skíðaferða til Akureyrar er náttúrulega að það verði beint flug frá Kaupmannahöfn til Akureyrar og að hægt verði að ganga að því vísu að slíkt flug sé komið til að vera til frambúðar. Að öðrum kosti er ekki skynsamlegt að leggja í þann kostnað eða vinnu við að markaðssetja svæðið fyrir dönsku skíðafólki. Þrátt fyrir það er þó nauðsynlegt fyrir svæði sem slíkt að huga að sínum innviðum og byrja á því að byggja þá upp því ef ekki danskir skíðamenn þá örugglega einhverjir aðrir.

9. Lokaorð

Í þessari skýrslu er greint frá vinnu starfsmanna Rannsóknastofnunnar Háskólans á Akureyri sem fram fór í tengslum við þróunarverkefnið, Skíðaferðir til Akureyrar. Henni var ætlað að varpa ljósi á það hversu hagkvæmt það er að bjóða einstaklingum og hópum á Stór-Kaupmannahafnarsvæðinu upp á skíðaferðir til Akureyrar, með tilkomu beins flugs milli Akureyrar og Kaupmannahafnar.

Niðurstaða skýrslunnar er sú að Akureyri og nágrenni á fullt erindi við danska skíðamenn. Vænlegast er að byrja á því að höfða til ævintýraskíðafólks og fólks í hvataferðum. Það séu markhópar sem auðvelt sé að ná til og henti svæðinu eins og það er núna mjög vel. Jafnframt er nauðsynlegt að byggja innviði svæðisins upp með frekari markaðssetningu í huga. Þar er að mörgu að huga, sérstaklega hvað varðar samgöngur og þjónustu. Til þess að þetta verði raunverulegt þarf þó að tryggja varanlegt beint flug frá Kaupmannahöfn til Akureyrar yfir háannatíma skíðavertíðarinnar. Það er algjört lykilatriði.

Heimildarskrá

Munnlegar heimildir:

Bugge H. Hansen. 2006, 9. maí. Framkvæmdastjóri Mediahuset Luksus. *Skíðaferðir frá Kaupmannahöfn til Akureyrar*. Viðtal í útibúi Ferðamálaráðs Íslands í Kaupmannahöfn.

Kasper Foged Larsen. 2006, 9. maí. Framkvæmdastjóri Culture Adventure. *Skíðaferðir frá Kaupmannahöfn til Akureyrar*. Viðtal í útibúi Ferðamálaráðs Íslands í Kaupmannahöfn.

Lisbeth Jensen. 2006, 9. maí. Forstöðumaður markaðsskrifstofu Ferðamálaráðs Íslands í Danmörku. *Skíðaferðir frá Kaupmannahöfn til Akureyrar*. Viðtal í útibúi Ferðamálaráðs Íslands í Kaupmannahöfn.

Torben Möller Klausen. 2006, 9. maí. Fráfarandi formaður Danska skíðasambandsins og stjórnarmaður í næststærsta skíðaklúbbi Danmerkur, Københavns Skiklub. *Skíðaferðir frá Kaupmannahöfn til Akureyrar*. Viðtal á kaffihúsi við Tívolið í Kaupmannahöfn.

Heimasíður:

www.akureyri.is

www.dalvik.is

www.eyjafjordur.is

www.flugfelag.is

www.grenivik.is

www.hafjell.no

www.hagstofan.is

www.hlidarfjall.is

www.hopferdamidstodin.is

www.iceland.is/

www.icelandexpress.dk

www.icetourist.is

www.jarlbodin.is/indexen.php

www.kaldbaksferdir.com/?lan=islwww.myvatn.is

www.myvatn.org

www.nordurland.is

www.olafsfjordur.is

www.santaworld.is

www.siglo.is

www.skagafjordur.is

www.skistar.com/are

www.skistar.com/english/hemsedal

www.skistar.com/english/salen

www.snowsphere.com/countries/iceland/articles/iceland.html

www.spar.is

www.travel-of-snowboarding.com/europe/norway

www.trex.is

www.trysil.com

www.vallasen.se

www.vedurstofan.is

www.vegagerdin.is

www.visitnorway.com

Viðauki I HópaVinna

Fundur með ferðaþjónustuaðilum á svæðinu.

Mánudagur 24. apríl 2006. Sigurður frá Impru, Sigurbjörn frá Kaldbaksferðurm, Ingvi Rafn frá Seli Mývatnssveit, Bergþóra frá Ferðaþjónustuklasa, Hlynur frá Greifanum, Jón Ingi frá Sportferðir, Guðmundur frá Skíðasvæðinu Hlíðarfjalli, Hjördís frá RHA, Guðmundur frá RHA, Njáll frá Ferðamálasetri.

Hugtök: Vetrartengd ferðaþjónusta.

- Skíðaferð í Hlíðarfjall
- Skíðaæfingar
- Skautaæfingar
- Gönguskíði
- Kaldbakur
 - Gönguskíði
 - Svig
 - Ganga
 - Útsýnisferð
- Snjósleðaferðir
 - Minna en klst.
 - U.þ.b. 3 klst.
- Dorg
- Fjallaskíðun
 - Labbar upp, setur skinn neðan á skíðin og labbar upp og rennir sér niður. (Jökull í Skíðadal er að taka hópa í svona.)
 - Ferðast milli staða og labba á toppa.
- Jeppaferðir
 - 1 klst.
 - 6 klst.
- Hestaferðir
 - Vinsælir að vetrum líka
 - 1 klst. að hámarki.
 - Úti og inni
- Jarðböð og sundferðir
- Náttúran
 - Eldur og ís
 - Norðurljósín
- Áramótaferð
 - Flugeldarnir
- Desemberferð
 - Jólasveinaferð
 - Gönguskíði
 - Íslenskur matur
 - Fá sér að borða, öl og sund (jarðböð)

Þátttakendur í rýnihópum í Danmörku

